

EFTIRLITSSKÝRSLA sérstakt eftirlit

Dags. eftirlits: 2017

Nafn fyrirtækis: Vegagerðin

Fjöldi klst:

Tengiliður fyrirtækis: Gunnar Bjarnason, Ingvi Árnason, Erlingur Freyr Jensson

Framkvæmdasvæði: Mörg

Ábyrgðarmaður eftirlits (UST): Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Almenn eftirlit með framkvæmdum og frágangur eldri efnistökusvæða með það að markmiði að draga úr umhverfisáhrifum.

Ábendingar:

Skoðaðar voru um 330 námur á öllu landinu sem verið hafa á langtímaáætlun Vegagerðarinnar um frágang eldri efnistökusvæða, en alls voru rúmlega 900 námur á þessari áætlun.

Niðurstaða námuskoðunar 2017 var sú að um 200 námur töldust frágengnar, ýmist hafði verið gengið frá þessum námum skv. langtíma áætlun eða námurnar töldust frágengnar af öðrum ástæðum s.s. ummerki töldust mjög lítil eða nánast uppgróin. Í árslok 2017 eru því eftir á langtímaáætlun Vegagerðarinnar 127 námur sem gegnið verður frá á næstu árum.

Aðrar athugasemdir

Bjarnafjarðarháls: Skoðaði verkið á ferð í námuskoðun. Frágangur á vegsvæðinu er að mínu mati til fyrirmyndar, eina sem spillti þeirri upplifun var „skápur“ á há Hálsinum. Hins vegar vakti furðu afar efnismikil tenging að Goðdölum sem virðist vera eyðibýli. Hér er að líkindum um afar fáfarinn veg að ræða og vandséð af hverju þarna er gerð svo efnismikil tenging sem uppfyllir að líkindum ströngustu öryggiskröfur en sem er þarna nánast lýti á annars mjög vel heppnaðri framkvæmd.

Skoðaðar voru námur við og undir Eyjafjöllum, sérstaklega námurnar Fagrafell, Holtsnúp og Hrútafell. Er unnt að samræma efnistöku úr þessum námum og hætta jafnvel efnistöku t.d. í Holtsnúpi sem er til mikilla lýta. Unnt er að nýta áfram efnishauga við námuna í Hrútafelli og unnt er að ljúka efnistöku í stalli ofan náuplans í Fagrafelli án þess að áhrif efnistökkunnar aukist.

Frávik:

Niðurstaða eftirlits: Vottorð verða send Vegagerðinni um þær námur sem gengið hefur verið frá skv. langtímaáætlun.

Fylgiskjöl:**Fylgiskjöl:**

Björn Stefánsson

f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.